

11. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 7.2. 2023, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gísalson sveitastjóri. Jóhann F. Þórhallsson boðaði forföll, Urður Gunnarsdóttir 1. varamaður komst ekki, Guðni Jónsson 2. varamaður kom í stað Jóhanns. Kjartan Benediktsson boðaði forföll með skömmum fyrirvara. Ekki náðist í 3ja varamann og samþykkt var að halda fundinn. Einnig sátu fundinn Agnes Brá Birgisdóttir og Ragna Fanney Jóhannsdóttir undir lið 1 og Sindir Óskarsson og Árni Óðinsson undir lið 2.

Samþykkt að bæta við eftirfarandi lið á dagskrá fundarinnis.

18. Undirbúningur álits um stöðu sveitarfélagsins sbr. b. lið 2. mgr. 4. gr. a. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Dagskrá:

1. Vatnajökulsþjóðgarður-skýrsla um Hengifossvæði
2. Landsvirkjun skýrsla
3. Stefna sveitarstjórnar í helstu málum
4. Samningur Eygló
5. Húsnæðisáætlun 2023
6. Strútsfoss greinargerð um framkvæmdir 2022
7. Deiliskipulag á Víðivöllum ytri 1
8. Nýjar lóðir á Hóli og Brekkugerðishúsum
9. Samkomulag um samstarf í ferðaþjónustu
10. Uppbyggingarsjóður EES
11. Fundargerðir:
 - a. Heilbrigðisnefndar 19.1.2023
 - b. Ársalir 16.1.2023
 - c. Almannavarnanefndar Austurlands 12.12.2022
 - d. Almannavarnanefndar Austurlands 23.1.2023
 - e. Eygló 1.2. 2023
 - f. Byggingar-og skipulagsnefndar 27.1.2023 og skoðunarferð byggingarfulltrúa

g. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 20.1.2023

h. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 27.1.2023

i. Upphéraðsklasinn 30.1.2023

j. 3. Verkfundur-Hengifoss-þjónustuhús 6.1.2023

k. Samfélagsnefnd 5.1.2023

l. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 14.12.2022

12. Laugargarðar ársreikningur 2022 og skýrsla

13. Ráðningarbref Deloitte

14. Boðun á landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga

15. Erindi um aðstöðu matarvagns við Hengifossá

16. Skýrsla sveitarstjóra

17. Önnur mál

18. Undirbúningur álitis um stöðu sveitarfélagsins sbr. b. lið 2. mgr. 4. gr. a. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

1. Vatnajökulsþjóðgarður skýrsla um Hengifossvæði

Ársskýrsla vegna 2022 kynnt og rætt um fyrirhugað samstarf á árinu. Agnes og Ragna véku af fundi kl 14:15.

2. Landsvirkjun skýrsla. Ársskýrsla vegna 2022 kynnt og rætt um helstu framkvæmdir

Landsvirkjunar í sveitarfélaginu og fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu. Sindri og Árni véku af fundi kl 15:05.

3. Stefna sveitarstjórnar í helstu málum.

Lögð fram drög að stefnu sveitastjórnar á þessu kjörtímabili. Sveitastjóra og oddvita falið að skoða málið betur.

4. Samningur Eygló

Um er að ræða samstarfsverkefni á grunni hringrásarhagkerfis, orkuskipta og nýsköpunar á Austurlandi, sem hlotið hefur nafnið Eygló, var stofnað formlega 2. Febrúar. Skrifað var undir samstarfssamning þess efnis í Fljótsdalsstöð milli Landsvirkjunar, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, Austurbrúar og sveitarfélaga á Austurlandi; Múlaþings, Fjarðarbyggðar, Fljótaldalshrepps og Vopnafjarðarhrepps. Heitið Eygló vísar til öflugasta orkugjafans, sólarinnar, og til bjartar og kraftmikillar framtíðar. Verkefnið er til fjögurra ára og nemur fjárframlag stofnaðila alls 240 milljónum króna. Sveitastjórn staðfestir samninginn.

5. Húsnæðisáætlun 2023

Kynnt og samþykkt.

6. Strútsfoss greinargerð um framkvæmdir 2022

Kynnt. Vel unnið verk.

7. Deiliskipulag á Víðivöllum Ytri 1

Á fundi byggingar- og skipulagsnefndar 27.01. 2023 var eftirfarandi bókað:

Borist hefur ofanflóðamat frá Veðurstofunni sbr. athugasemdir sem bárust í kjölfar kynningar og farið var yfir á fundi nefndarinnar 20. ágúst sl.

Niðurstaðan er eftirfarandi: „Frístundabyggðin stenst kröfur sem eru settar í reglugerð 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða fyrir frístundahús. Ekki er hinsvegar heimilt að reisa á þessu svæði nýtt íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. Ekki má nýta frístundahúsin sem reist verða á þessum stað til fastrar búestu eða til atvinnureksturs.“

Skarphéðinn Smári greindi frá vinnu og breytingum á uppdrætti og greinargerð deiliskipulagsins og hvernig brugðist var við umsögnum og athugasemdum sem bárust í kjölfar kynningar á því. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna fyrir sitt leyti og leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst sbr. 41. gr. í Skipulagslögum 123/2010

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkir að fyrirliggjandi tillaga verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. Nýjar lóðir á Hóli og Brekkugerðishúsum

Sveitastjórn samþykkir skráningu, en bendir á að skoða þurfi flóðahættu sbr. flóð í september 2017.

9. Samkomulag um samstarf í ferðaþjónustu

Kynnt og samþykkt.

10. Uppbyggingarsjóður EES

Kynnt.

11. Fundargerðir:

a. Heilbrigðisnefndar 19.1.2023

kynnt

b. Ársalir 16.1.2023

kynnt

c. Almannaþingarnefndar Austurlands 12.12.2022

kynnt

- d. **Almannavarnanefndar Austurlands 23.1.2023**
kynnt
- e. **Eygló 1.2. 2023**
kynnt
- f. **Byggingar-og skipulagsnefndar 27.1.2023 og skoðunarferð byggingarfulltrúa**
Kynnt og samþykkt
- g. **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 20.1.2023**
kynnt
- h. **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 27.1.2023**
kynnt
- i. **Upphéraðsklasinn 30.1.2023**
kynnt
- j. **3. Verkfundur-Hengifoss-þjónustuhús 6.1.2023**
kynnt
- k. **Samfélagsnefnd 5.1.2023**
kynnt
- l. **Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 14.12.2022**
kynnt

12. Laugargarðar ársreikningur 2022 og skýrsla.

Ársreikningur samþykktur. Sveitastjóra falið að skoða með endurskoðenda hvort slíta eigi félaginu.

13. Ráðningarbréf Deloitte.

Samþykkt. Sveitastjóra og oddvita falið að undirrita samninginn.

14. Boðun á landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga

Kynnt. Landsþingið verður haldið föstudaginn 31. mars á Grand Hótel í Reykjavík.

15. Erindi um aðstöðu matarvagns við Hengifossá.

Erindið kynnt og vísað til byggingarnefndar.

16. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri upplýsti um helstu mál sem eru í gangi.

17. Önnur mál:

Óskað er eftir fulltrúa í vatnasvæðanefnd fyrir sveitarfélagið. Lárus Heiðarsson oddvita falið að vera fulltrúa sveitarfélagsins og Kjartan Benediktsson til vara.

Sveitarstjórn harmar brunann á Víðivöllum Ytri 1 og hugurinn er hjá þeim Herði, Guðbjörgu og Þórarni. Verkstæðið sem brann er vinnustaður sem skiptir sveitina miklu mál og því er tjónið mikið fyrir þau og samfélagið.

Sveitastjóra falið að hafa samband við Vegagerðina um að yfirfara vegamerkingar í Fljótsdal.

Sveitastjóra falið að útbúa bréf til leigutaka Fljótsdalsgrundar um fyrirhugaða sölu á eigninni.

Íbúar eru hvattir til að ganga vel um sorpsvæðið við Végarð. Vakin er athygli á því að bílhræ eiga ekki að vera losuð þar. Bent er á að fyrirtæki í sveitinni eiga að sjá sjálf um að losa sorp frá sínum fyrirtækjum.

- 18.** Undirbúningur álitis um stöðu sveitarfélagsins sbr. b. lið 2. mgr. 4. gr. a. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

„Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a. laga nr. 138/2011 sbr. ákvæði X. til bráðabirgða skal sveitarstjórn þar sem íbúafjöldi sveitarfélags er lægri en 250 manns innan árs frá almennum sveitarstjórnarkosningum hefja formlegar sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr. eða vinna álit um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og um þau tækifæri sem gætu falist í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað sveitarfélag eða sveitarfélög.

Þar sem sveitarstjórn hefur hvorki hafið formlegar sameiningarviðræður né slíkar viðræður fyrirhugaðar er sveitarstjóra falið að undirbúa drög að álitum um stöðu sveitarfélagsins í samræmi við b. lið 2. mgr. og 3. mgr. 4. gr. og a. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Stefnt skal að því umrædd drög verði lögð fram til umræðu og afgreiðslu almennum fundi sveitarstjórnar í apríl næstkomandi.“

Fundi slitið kl: 18:06

Halla ritaði fundagerð í tölvu